

## Landfylling utan Klettagarða í Sundahöfn Verkstaða og stutt lýsing á framkvæmdum

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun Faxaflóahafna sf 2019 miðaði við að í ár hefist framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna sf við efnismóttöku á fyllingarefni, grjótkjarna og völdi grjóti, sem koma mun úr framkvæmdum á lóð fyrir nýjum Landspítala við Hringbraut. Landgerð utan Klettagarða á vegum Faxaflóahafna er fyrir nýjar höfuðstöðva. Ástæður þarfa fyrir lóð eru:

„Áform um gerð landfyllingar á þessum stað byggja á þeirri forsendu að Faxaflóahafnir þurfa til framtíðar að finna nýjan stað (lóð) fyrir sameiginlega starfsaðstöðu fyrirtækisins. Lóðin þarf að vera vel staðsett fyrir starfsemi hafnar jafnt á sjó og landi. Rekstri hafnar fylgir þjónusta við móttöku skipa í Sundahöfn og Gömlu höfninni. Fram hafa komið óskir um að Hafnarhúsið sem alla tíð hefur verið megin starfsstöð fyrirtækisins fari í önnur afnot á vegum Reykjavíkurborgar. Eins er farið að þrengja að aðstöðu við Austurbakka þar sem að dráttarbátar hafnar eru geymdir. "

Lokið er umfjöllun og samþykkt á aðalskipulagsbreytingum fyrir þessi landgerðaráform og áður hefur verið gerð grein fyrir þeim ásamt þörfum Veitna fyrir landstækkanir í framtíðinni fyrir skólpdælu- og hreinsistöð við Klettagarða. Verða þau mál ekki frekar rædd hér að utan að minnt er á að gera þarf samkomulag við Reykjavíkurborg um eignarhald og afnot þessa nýja lands sem verður til við þessar fyllingar.


Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi fyrir um 2 ha landfyllingu sjá meðfylgjandi mynd og nú hyllir undir að framkvæmdaleyfi fáiast og að hægt verði að hefja vinnu við efnismóttöku og frágang fyllingar. Sannast sagna hefur ferli framkvæmdaleyfisúmsóknar fyrir þessa lóð ekki alveg gengið þrautalaust. Efniskeysla frá Landspítala við Hringbraut er óumdeilt stýðsta flutningsleið efnis burt frá framkvæmdasvæði og því fylgir lækun tilkostnaðar og minni mengun að koma þessum flutningum á efni af stað. Framkvæmdir við lóð Landspítala eru löngu hafnar og á meðan að leyfisveiting fæst ekki er verið að flytja efni á aðra staði fjær. Í upphafi stóð til að um 2000.000 m<sup>3</sup> af efni fengist úr grunni á nýjum Landspítala en þær framkvæmdir eru nú komnar vel af stað þar sem að verktaki hóf verkið síðari hluta árs 2018 þannig að þaðan fæst vart yfir 150.000 m<sup>3</sup> af efni til landgerðar við Klettagarða.

Heildarefnismagn í 2 ha fyllingu Faxaflóahafna er áætlað um 375.000 m<sup>3</sup>. Til viðbótar því efni sem fæst frá Nýjum Landspítala á höfnin um 70.000 m<sup>3</sup> af góðu fyllingarefni og völdu grjóti á lagersvæði á landi utan Klepps í Sundahöfn, sem nýtt yrði til langerðar þegar að verk er komið lengra á veg. Sótt yrði síðar um starfsleyfi fyrir móttöku þess efnis sem á vantar til að ljúka landgerðinni.

Verktími landgerðar er áætlaður árin 2019 - 2021. Byrjað verður á fyllingum á vesturhlið lóðar næst Laugarnesi og Laugarnestöngum. Land yrði síðan þróað til austurs utan Klettagarða. Kostir þess að landþróun yrði með þessum hætti er að þá er hægt að ganga frá formi strandar og vinna sjóvarnir á verktíma eftir því sem að valið gjót fæst til verks. Með þessu fæst hagkvæmni í framkvæmd og landgerð yrði varin fyrir sjó- og öldulagi á framkvæmdatíma. Til þess að ljúka landgerð yrði síðan að fá burðarhæft fyllingarefni frá öðrum framkvæmdum. Í ár verður fyrst og fremst unnið við efnismóttöku en síðar á árunum 2020 -2021 yrðu verkin frekar tengd grjótröðun og frágangi sjóvarna.

Það er ÍAV sem er verktaki á lóðaframkvæmdum við Nýjan Landspítala og því heppilegast að við þá verði samið um vinnu við efnismóttöku og stýringu þannig að einn og sami aðilinn hafi stýringu, ábyrgð á efnisflutningum og frágangi efnis á meðan að verk er að fara af stað. Móttaka þarf að vera um hlið og henni lokað þannig að ekki komi til losunarar á efni utan vinnutíma sem þarna á ekki að losa.

Efnismóttaka verður að vera undir eftirliti og stýring á því hvaða efni er að berst og því framfylgt að um burðarhæft og hreint efni sé að ræða. Opin og óvarin efnismóttaka þar sem óvandaðir aðilar geta séð sér leik á borði gengur ekki.



Faxaflóahafnir  
Tillaga að landfyllingu að Klettagörðum

Dags. 21. febrúar 2019  
Mkv. 1:2000 @ A3  
Verknr. A1379-006-D07  
alta@alta.is / www.alta.is

